

Lög

um

vatnssölu í kaupstöðum.

Nr. 56.

3. nóv.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hvervetna þar, er bæjarstjórn hefir lagt vatnsveitu í pípum til afnota fyrir kaupstað, skal hún hafa einkarjett til vatnssölu á því svæði, er vatnsveitunni er ætlað að ná yfir, og eins á höfn kaupstaðarins, innan takmarka hennar, eins og þau nú eru og síðar kunna að verða sett. Vatnið selst eftir taxa, er bæjarstjórn semur og Stjórnarráðið samþykkir.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum. Auk þess skal sá, er vatn selur ólöglega, greiða kaupstaðnum endurgjald það, er hann hefir fengið fyrir ólöglega selt vatn.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem með almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.